



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 3. janúar 2025

Efni: Umsögn SI um skýrslu um kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 231/2024, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt er til umsagnar skýrsla umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi. Í kynningu um málið segir að tilgangur skýrslunnar er að greina stöðu kolefnismarkaða hér á landi, kanna tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á þessum mörkuðum og meta hvort íslensk stjórnvöld gætu nýtt sér kolefnismarkaði til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Meginþungi skýrslunnar er lagður á valkvæða kolefnismarkaðinn, sem hefur þróast hratt á undanförnum árum. SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi skýrslu og óska eftir að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Að mati SI dregur fyrirbyggjandi skýrsla fram bæði áskoranir og tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf. Hún leggur áherslu á valkvæða kolefnismarkaði og möguleika þeirra til að bjóða fyrirtækjum nýjar leiðir til kolefnisjöfnunar og fjármögnunar loftslagsverkefna. Fyrir fyrirtæki sem standa frammi fyrir aukinni alþjóðlegri samkeppni um sjálfbærni, gætu þessi markaðstækifæri verið álitin lykilþáttur í framtíðarskipulagi og fela í sér tækifæri á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Að mati SI gætu valkvæðir kolefnismarkaðir skapað ný tækifæri fyrir fyrirtæki, s.s. á sviði kolefnisföngunar, en verkefni eins og þau sem Carbfix og Climeworks vinna að sýna fram á að íslensk fyrirtæki geta gegnt lykilhlutverki í nýsköpun á þessu sviði. Þá getur þróun staðla og vottunarkerfa eftt trúverðugleika og markaðsgildi íslenskra eininga á alþjóðlegum vettvangi.

SI telja því að kolefnismarkaðir geti falið í sér hvata fyrir fyrir íslensk fyrirtæki til að styðja við græna umbreytingu. Ljóst er hins vegar að slík starfsemi mun vera undirsett skilyrðum um vottun og mælingar, sem munu krefjast sérhæfðrar þekkingar og aðlögunar. Þá er margt óljóst varðandi nánari útfærslu og þau skilyrði sem setja þarf til að auka á nauðsynlegan skýrleika og ekki síst fyrirsjáanleika. Ráða má hins vegar að fyrirtæki í iðnaði fá aukinn hvata til nýsköpunar í umhverfisvænum verkefnum, sem gæti bætt samkeppnishæfni og aðgang að fjármagni.



SI fagna sérstaklega tillögum í kafla B, sbr. bls. 5, þar sem ítrekað er mikilvægi þess að skilgreina þurfi hugtakið kolefniseiningu í lögum sem og gera aðrar nauðsynlegar breytingar á regluverki í því skyni að auka á skýrleika. Sama á við um mikilvægi þess að slíkar breytingar verði unnar í samvinnu við atvinnulíf. Að mati SI munu tillögur um lögfestingu hugtaka eins og kolefniseininga og innleiðingu kolefnisskrár auka gagnsæi og tryggja samkeppnisforskot fyrir íslensk fyrirtæki.

Þó er ljóst að fyrirtæki geta þurft að bera aukinn kostnað vegna kröfu um kolefnisjöfnun eða þátttöku í kolefnismörkuðum, sér í lagi ef lagalegar skyldur um samdrátt eða bindingu verða settar. Þá getur óvissa varðandi regluverk, sérstaklega hvað varðar útflutning eininga eða þátttöku í 6. gr. Parísarsamningsins, hamlað fjárfestingum á þessu sviði.

Að gefnu tilefni benda SI á tillögu C.2. um að mótuð verði stefna um að ekki verði heimilaður útflutningur á alþjóðlegum kolefniseiningum (ITMOs) frá Íslandi og telja samtökin margt óljóst hvað þá tillögu varðar og kunni hún að orka tvímælis. Ítreka SI að barátta gegn loftslagsbreytingum er í eðli sínu hnattrænt verkefni og því mikilvægt að ekki verði settar hindranir fyrir því að íslensk þekking geti verið nýtt og skapað útflutningstekjur af verkefnum hérlandis. Telja SI það skjóta skökku við að draga þannig með opinberri stefnumörkun úr tækifærum til að fjármagna verkefni. SI telja í þessu samhengi ekki ástæðu til að leggja bann við útflutningi á ITMO kolefniseiningum enda ljóst að forsenda slíkra verkefna verður ávallt með aðkomu stjórnvalda.

Mikilvægt er að samhliða mögulegum breytingum á lagaumhverfi eða regluverki verði hugað að kostnaði við aðlögun og innleiðingu á kröfum og skilyrðum og þeim kostnaði stillt í hóf. Einnig verði hugað að gæta eins og kostur er samræmis við núverandi kröfur sem á fyrirtækjum hvíla. Samhliða þarf einnig að gæta að auknar kröfur muni ekki íþyngja um of aðilum er viðkemur umfangi við eftirfylgni sem og eftirliti. Má í þessu samhengi vísa til kafla E á bls. 6 sem hefur skörun við þessi álitafni, s.s. er viðkemur því markmiði að tryggja samkeppnishæfni og jafnræði á markaði sem og hagkvæmni í opinberum rekstri.

SI benda á mikilvægi þess að Ísland nýti forskot sitt í hreinni orku og kolefnisbindingu til að laða að fjárfestingu og skapa samkeppnisforskot fyrir íslensk fyrirtæki á alþjóðlegum mörkuðum. Þannig getur þátttaka í alþjóðlegum markaðskerfum skv. 6. gr. Parísarsamningsins aukið alþjóðlegt samstarf og veitt íslenskum fyrirtækjum aukinn aðgang að alþjóðlegum mörkuðum. Því þarf að leggja áherslu á nýsköpun og tækniframfarir, t.a.m. með aukinni áherslu á hvata fyrir þróun nýrra lausna í föngun og geymslu kolefnis og aðrar loftslagsaðgerðir sem geta aukið nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Í ljósi þessa fagna SI m.a. tillögu C3 um að skattaleg umgjörð rekstrar við framleiðslu á kolefniseiningum verði skoðuð nánar.

Áhrif skýrslunnar geta falið í sér tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf. Hún krefst þó aðgerða og aðlögunar, sem kalla á stuðning stjórnvalda og sameiginlega viðleitni stjórnvalda og atvinnulífs. SI telja því mikilvægt að stjórnvöld vinni í samráði við atvinnulífið að því að



tryggja að nýjar reglur og viðmið séu sanngjarnar og styðji við jafnt nýsköpun og samkeppnishæfni héraðs fyrirtækja.

Samandregið telja SI fyrirbyggjandi skýrslu jákvæða sem fyrsta skref í mótun stefnu á þessu sviði en ítreka mikilvægi þess að frekari vinna verði unnin áfram í samráði við haghafa. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lára M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála